



Framkvæmdafréttir 28. tbl. /05



Niðurstöður útboða

Djúpvegur (61),

Kjörseyri - Prestbakki 05-067

Tilboð opnuð 11. október 2005. Endurlögn Djúpvegar á um 9,5 km kafla í Hrutáfirði frá Kjörseyri að Prestbakka.


Helstu magntölur eru:

| | |
|--------------------------------------|-----------------------|
| Fylling og neðra burðarlag | 34.000 m ³ |
| Efra burðarlag | 6.500 m ³ |
| Klæðing | 50.000 m ² |

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. ágúst 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávík (þús.kr.) |
|-----|----------------------------|--------------|--------------|------------------|
| 4 | Fjörður ehf., Skagafirði | 73.100.500 | 135,2 | 19.950 |
| 3 | Klæðning hf., Kópavogi | 70.958.800 | 131,2 | 17.808 |
| 2 | KNH ehf., Ísafirði | 68.666.600 | 127,0 | 15.516 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 54.071.030 | 100,0 | 920 |
| 1 | Fylling ehf., Hólmavík | 53.150.850 | 98,3 | 0 |

Í 23. tölublaði Framkvæmdafrétta voru birtar tölvumyndir af fyrirhugaðri brú yfir Mjóaffjörð í Ísafjarðardjúpi og umfjöllun um væntanlega vegagerð frá Mjóafirði, um Reykjanes og inn Ísafjörð. Myndin hér að ofan er af Mjóafirði og sýnir vel Hrutey og væntanlegt vegar- og brúarstæði. Sundið hægra megin við Hrutey verður þverað með vegfyllingu en brúin kemur vinstra megin. Myndina tók Mats Wibe Lund í ágúst 2004. Tölvumynd Línuhönnun.



Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 28. tbl. 13. árg. nr. 417 17. október 2005

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Ráðstefna um rannsóknir Vegagerðarinnar að Hótel Nordica 11. nóvember 2005

Próunarsvið Vegagerðarinnar stendur fyrir ráðstefnu um rannsóknir þann 11. nóvember 2005, á Hótel Nordica (í ráðstefnusal á 2. hæð). Ráðstefnan fjallar að þessu sinni að mestu um rannsóknir sem fengu fjárveitingu úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar árið 2004.

Þátttökugjald er 10.000 kr. en 2.000 kr. fyrir nema.

Frá ráðstefnunni 2004.



Dagskrá

08:00 - 09:00 Skráning

09:00 - 09:15 Setning (*Hreinn Haraldsson, Vegagerðin*)

Samgöngu- og umferðarrannsóknir

09:15 - 09:30 Forgangsröðun í samgöngumálum
(*Axel Hall, Hagfræðistofnun HÍ*)

09:30 - 09:45 Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða (*Bjarni Reynarsson, Landráð sf.*)

09:45 - 10:00 Hringtorg – hönnun og umferðaröryggi
(*Haraldur Sigþórsson, Línuhönnun*)

Upplýsingatækni og hugbúnaðargerð

10:00 - 10:15 Hagnýting gagna úr umferðargreinum
(*Sigurður Erlingsson, Verkfræðistofnun HÍ*)

Tæki og búnaður

10:15 - 10:30 Víravegrið: Uppsetning, kostnaður og snjósöfnun (*Daníel Árnason, Vegagerðin og Skúli Þórðarson, Orion-Ráðgjöf*)

10:30 - 10:50 Kaffi

Umferðaröryggi

10:50 - 11:05 Slysátíðni vöru- og hópbifreiða
(*Skúli Þórðarson, Orion ráðgjöf*)

11:05 - 11:20 Vegarollur og umferðaröryggi
(*Ólafur Páll Vignisson*)

11:20 - 11:35 Umferðarslys erlendra ferðamanna (*Ágúst Mogensen, Rannsóknanevni umferðarslysa*)

11:35 - 11:50 Aukið aðhald – Aukið umferðaröryggi
(*ND á Íslandi*)

11:50 - 12:00 Umræður / fyrirsögnir um erindi fyrir hádegi

12:00 - 13:00 Matur

Umhverfismál

13:00 - 13:15 Aðferðir til þess að meta landslag
(*Ólafur Árnason, Línuhönnun*)

13:15 - 13:30 Umhverfis-, öryggis- og heilsumál í útboðsgögnum Vegagerðarinnar
(*Helga J. Bjarnadóttir, Línuhönnun*)

13:30 - 13:45 Áhrif brúa- og ræsagerðar á ferðir ferskvatnsfiska (*Bjarni Jónsson, Veidimálastofnun*)

Vatnafar, snjór, jöklar, jökulhlaup

13:45 - 14:00 Landris í nágrenni Vatnajökuls (*Freysteinn Sigmundsson, Jarðvísindastofnun HÍ*)

14:00 - 14:15 Strandrof og strandvarnir við brúna yfir

Jökulsá á Breiðamerkursandi
(*Helgi Jóhannesson, Vegagerðin og Sigurður Sigurðarson Siglingastofnun*)

14:15 - 14:30 Kötluhlaup niður farveg Markarfljóts
(*Sigurður Lárus Hólm, Verkfræðistofan Vatnaskil*)

14:30 - 15:00 Kaffi

15:00 - 15:15 Handbók um snjóhönnun vega
(*Skúli Þórðarson, Orion-Ráðgjöf*)

Upplestur úr nýrri glæpasögu

15:15 - 15:30 Afturelding (*Viktor Arnar Ingólfsson, Vegagerðin*)

Jarðtækni og Steinefni, burðarlög og slitlög

15:30 - 15:45 Kortlagning á sigi á Siglufjarðarvegi um Almenninga (*Þorsteinn Sæmundsson, Náttúrustofa Norðurlands vestra*)

15:45 - 16:00 Petroscope, ljóstæknileg aðferð við berggreiningu og mælingu á kornadreifingu og lögun steinefna (*Þorgeir Helgason, Petromodel ehf.*)

16:00 - 16:15 Steinefni í vegagerð, mat á efniskröfum og greining fínefna (*Pétur Pétursson, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins*) ekki búinn að staðfesta

Brýr og steinsteypa

16:15 - 16:30 Jarðskjálftasvörur brúa á stauraundirstöðum (*Bjarni Bessason, Háskóla Íslands*)

16:30 - 16:45 Skrið í íslenskri steinsteypu (*Guðni Jónsson, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins*)

16:45 - 17:00 Umræður / fyrirsögnir um erindi eftir hádegi

17:00 Ráðstefnuslit, léttar veitingar í boði Vegagerðarinnar

Skráning

Hægt er að skrá sig á vef Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is
http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/vr_7_radstefna2005.html

2 +1 vegur í Svínahrauni

Í þessari viku verða líklega settir upp vírar í vegrið á nýja vegkaflanum í Svínahrauni og þá er fyrsti „2+1“ vegarkafllinn með vegriði orðinn að veruleika á Íslandi. Þegar vírarnir verða komnir upp verður haldið námskeið á vettvangi þar sem lögreglumenn, sjúkraflutningamenn og hjálparveitir læra handbrögð við að taka vírana niður og opna á milli akreina ef þörf skapast á slíku vegna slyss.

Eins og nafnið gefur til kynna eru 2+1 vegir með tvær akreinar í aðra áttina og eina í hina. Fyrir öikumenn skiptast á tvær akreinar og ein akrein og því er reglulega boðið upp á hindrunarlausan framúrakstur. Vegur með aðskildum aksturstefnum þýðir að óheimilt (jafnvel ómögulegt) er að aka framúr á akrein fyrir umferð úr gagnstæðri átt.

Samkvæmt upplýsingum frá rannsóknarnefnd umferðarslysa urðu 22% banaslysa 2004 þegar ekið var framán á annan bíl. 70% þessara slysa urðu innan við 50 km frá Reykjavík. Aðskilnaður á milli aksturstefna með víravegriði getur komið í veg fyrir svona slys. Svíar hafa þá reynslu að slysum fækkar um 50% þegar 1+1 vegum er breytt í 2+1 vegi með vegriði.

Það er mjög mikilvægt að þessi tilraun í Svínahrauni takist vel og öikumenn verði fljótir að tileinka sér rétt aksturslag á svona vegi. Hugsanlega geta orðið fleiri óhöpp á þessum vegarkafli en áður ef bílar lenda utan í vegriðinu vegna hálfu eða af öðrum orsökum. Það getur kostað einhverjar skemmdir á ökutækjum en ávinningurinn af færri slysum með meiðslum á að borga það margfalt upp.




Spelar fyrir víravegrið reknir niður í Svínahrauni.



Vírarnir geta stöðvað stærstu bíla.



Víravegrið á 2+1 vegi.



Tillaga veghönnunardeildar Vegagerðarinnar að íslenskum 2+1 þversniðum.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremsst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|--|--------------------------------|
| 05-072 Héðinsfjarðargöng, eftirlit | 06 |
| 05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging | 06 |
| 05-079 Hafnavegur (44) við Hafnir | 05 |
| 05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit | 05 |
| 05-066 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut | 05 |
| 05-047 Hringvegur (1), Arnórstaðamúli | 05 |
| 05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri | 05 |
| 05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Kópasker | 05 |
| 05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar | 05 |
| 05-039 Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn | 05 |
| 05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði | 05 |
| 05-036 Nesvegur (425), Reykjanes - Staður | 05 |
| 05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti | 05 |
| 05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar) | 05 |
| 03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki | 05 |
| 03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit | 05 |
| 05-054 Pverárfjallsvegur (744), Kallá - Sauðárkrókur | 05 |
| 04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði | 05 |
| 04-072 Garðskagavegur (45) um Ósaboтна | 05 |

Auglýsingar útboða

Reykjanesbraut (41), Strandarheiði - Njarðvík, eftirlit

05-063

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í eftirlit með tvöföldun Reykjanesbrautar (41) á 12,2 km löngum kafla frá Strandarheiði að Njarðvík og byggingu brúa við Vogaveg, Skógfellaveg, Grindavíkurveg og Njarðvíkurveg.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. október 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. nóvember 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 22. nóvember 2005 klukkan 14:15 þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Útboðið er einnig auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|--|----------|----------|
| 05-063 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, eftirlit | 17.10.05 | 15.11.05 |
| 05-082 Eyjavegur (364) | 17.10.05 | 01.11.05 |
| 05-035 Héðinsfjarðargöng - forval | 10.10.05 | 13.12.05 |
| 05-065 Göngubrú yfir Kópavogslæk | 03.10.05 | 18.10.05 |
| 05-053 Vestfjarðavegur (60) um Svínadal | 03.10.05 | 18.10.05 |
| 05-037 Krísuvíkurvegur (42), Hraunhella - Hamranes | 03.10.05 | 18.10.05 |
| 05-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík | 26.09.05 | 08.11.05 |
| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
| 05-067 Djúpvvegur (61), Kjörseyri að Prestbakka | 26.09.05 | 11.10.05 |
| 05-060 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur, eftirlit | 29.08.05 | 13.09.05 |
| 05-056 Strandavegur (643), Illaholt - Blæja | 22.08.05 | 06.09.05 |
| 05-059 Heiðmerkurvegur (408), malbikun 2005 | 15.08.05 | 30.08.05 |
| Samningum lokið: | Opnað: | Samið: |
| 05-042 Þingskálavegur (268), ræsi Framrás ehf. | 13.09.05 | 04.10.05 |
| 05-062 Vestfjarðavegur (60) um Laxá og Naðurdalsá Ístrukkur ehf. | 20.09.05 | 30.09.05 |
| 05-034 Vestmannaeyjaferja 2006-2010 Eimskipafélag Íslands ehf. | 06.09.05 | 11.10.05 |

Auglýsingar útboða

Eyjavegur (364) 05-082

Vegagerðin, fyrir hönd sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, óskar eftir tilboðum í gerð Eyjavegar, frá Útey í Laugar- dal að Austurey, um 2,1 km.

Helstu magntölur eru:

| | |
|-----------------|-----------------------|
| Fylling | 5.050 m ³ |
| Skering | 1.885 m ³ |
| Neðra burðarlag | 6.280 m ³ |
| Efra burðarlag | 1.800 m ³ |
| Ræsi | 18 m |
| Girðingar | 320 m |
| Tvöföld klæðing | 13.590 m ² |

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. október 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir klukkan 14:00 þriðjudaginn 1. nóvember 2005.

